

Blaðfréttir af vatnsveitu í Borgarnesi

Tíminn fimmtudag 5. desember 1940:

Vatnsveitan í Borgarnesi

Leiðslan liggur yfir þveran Borgarfjörð

Tíðindamaður Tímans átti í gær tal við Hervalð Björnsson, oddvita í Borgarnesi, og leitaði hjá honum fregna af vatnsveitunni, sem þar er verið að vinna að. Hervalð skýrði svo frá: — Hingað til hafa Borgarnesbúar fengið neyzluvatn úr brunnum í þorpinu. Voru sumir þeirra almenningsbrunnar, en aðrir aðeins fyrir einstök hús. Í nokkur hús í þorpinu var vatnið leitt eða dælt úr þessum brunnum. Fyrir allöngu síðan hafði verið athuguð aðstaða til að leiða vatn í þorpið, því að brunnvatnið var ónógt, en einkum tók þó að bera á vatnsskorti eftir að brezkir setuliðsmenn settust þar að. Var því ráðizt í framkvæmdir í haust, og er verkið nú komið vel á veg.

Vatnið er tekið sunnan við Borgarfjörð úr Seleyrará í Hafnarfjalli, gegnt Borgarnesi, um tvo kílómeta frá sjó. Á að leiða vatnið yfir fjörðinn þveran og verður leiðslunum sökkt í sjó. Á þessum slóðum er fjörðurinn rúmlega tveir kílómetrar að breidd. Þegar er búið að steypa stíflugarð og vatnsgeymi við Seleyrará og leggja leiðslurnar þaðan til sjávar. Vatnið síast gegnum malar- og sandlög, áður en það rennur í pípurar, svo að ekki á að koma að sök, þótt árvatnið gruggizt nokkuð í leysingum. En venjulega er vatnið mjög tært í ánni.

Í Borgarnesi er nokkuð komið á rekspöl að steypa vatnsgeymi, sem rúmar 250 smálestir vatns, en ekki varð því verki lokið vegna frosta, og sömuleiðis hefir verið lögð aðalvatnsæðin frá sjónum og eftir aðalgötu kaupsins. Er enn verið að vinna þar að vatnsveitunni. Óvíst er þó, hvort verkinu verður lokið í haust, því að pípur þær, sem leiða á í gegnum yfir fjörðinn eru enn ókomnar. En þótt þær komi innan skamms, er mjög vafasamt að hægt verði að ganga frá leiðslunni í vetur, því að þeim verður ekki sökkt í fjörðinn nema í kyrru veðri.

Samkvæmt kostnaðaráætlun, sem gerð var fyrir stríð, var búizt við að vatnsveita þessi myndi kosta 110 þúsund krónur. Þetta mun vera í fyrsta skipti hér á landi, sem vatn er leitt yfir þveran fjörð. Að sjálfsgöðu er margt á huldu um það, hvernig þetta muni heppnast. Vera má að ísar kunni að valda skemmdum eða leiðslan þoli illa sjávarseltuna. Þó er þess að gæta, að þarna er sjórinn. mjög blandinn jökulvatni. Og menn álíta, að pípurar muni fljótt grafast í sand, og ætti þeim að vera óhættar á eftir það. Það var ekki talið tiltækilegt, að leiða vatn til Borgarness úr vatnsbólum norðan fjarðarins. Til þess er of flatlent í grennd við kaupsnið, og vatn það, er þar var að fá, mun verra en í Seleyrará, nema þá, að það væri tekið óralangt í burtu.

Morgunblaðið 15. desember 1940

4100 metra vatnsveita til Borgarness. Lögð í sjó yfir Borgarfjörð

Íbúar kaupsins í Borgarnesi hafa lengi haft hug á, að koma upp vatnsveitu fyrir kaupsnið, því að neyzluvatn er þar bæði lítið og ekki gott, vatnið er tekið úr brunnum í kaupsninu. Fyrir nokkrum árum var hafist handa um athugun á þessu máli. Var Finnbogí R. Þorvaldsson verkfræðingur fenginn til þess að gera tillögur og áætlun um vatnsveitu fyrir kaupsnið. Hann athugaði þrjá staði, er hann taldi geta komið til greina sem vatnsból fyrir Borgarnes: 1) Vatnsból í mýrlendinu fyrir norðan Borgarnes. 2) við Langá og 3) sunnan Borgarfjarðar við Seleyrará.

Verkfræðingurinn taldi hagalegast að vatnsveita yrði lögð frá vatnsbóli við Seleyrará. Neysluvatn væri þar miklu betra en í hinum vatnsbólunum, kostnaður við aðalveituna minni, og þar væri nægilegt vatn og nægilegur halli. Hinsvegar fylgdi þessari vatnsveitu talsverð áhætta, þar sem veitan yrði að liggja yfir Borgarfjörð og væri þá nokkur hættu á því, að hún yrði þar fyrir skemmdum vegna ísruðnings o.fl. En með því að hafa jafnan til staðar nokkuð af varapípum og halda vel við brunnum kauptúnsins, væri áhættulítið að ráðast í þessa veitu.

Í samráði við verkfræðinginn ákvað hreppnefnd Borgarness að hafa þá tilhögun á verkinu, að leggja veituna frá Seleyrará og var honum falið að gera fullnaðaráætlun um vatnsveitulögn þaðan.

Vatnsveita þessi er 4100 metrar á lengd, frá upptökum veitunnar og að Borgarnesi, þar af liggja ca. 2 km í sjó yfir Borgarfjörðinn. Upptök veitunnar eru hátt uppi í fjalli, sunnan Borgarfjarðar, 143 m. yfir sjó.

Kostnaðurinn við þessa veitu var, samkv. áætlun verkfræðingsins 1937, kr. 110.000,00. Síðan hefir, sem kunnugt er, efni og vinna stigið mjög í verði og er því kostnaður við verkið miklum mun hærrí nú.

Í Borgarnesi var mikill áhugi fyrir því. að koma upp þessari vatnsveitu, en ýmsar ástæður hömluðu framkvæmd verksins. Þessvegna lá þetta nytjamál niðri nokkur ár. En á þessu hausti kemur svo óvæntur skriður á málið.

Breska setuliðið þurfti að nota vatn í Borgarnesi, en ilt að fá gott neysluvatn á staðnum. Hófast nú samningaumleitarnir um málið, milli hreppsnefndar kauptúnsins og setuliðsins. Tókust samningar á þeim grundvelli, að Bretar leggja fram alt efnið, en kauptúnið vinnuna. Má telja það mikið happ fyrir kauptúnið, að hafa náð þessum samningum, því að vegna núverandi ástands eru líkur til þess, að annars hefði orðið erfitt um framkvæmdir verksins í náinni framtíð. Að vísu verður verkið kauptúninn mikið dýrara fyrir það, að unnið er að því nú í skammdeginu; en hitt er meira virði, að fá verkið unnið strax.

Þegar eftir að samningar höfðu verið gerðir um þetta mannvirki, var verkið hafið, og er gert ráð fyrir að því verði lokið fyrir áramót, ef ekki kemur neitt sjerstakt fyrir. Stíflan og inntaksþróin við upptök veitunnar er þegar fullgerð. Einnig er búið að leggja pípu frá upptökum niður að sjó. Þá hefir verið grafinn pípuskurður í Borgarnesi, frá landtöku og upp að vatnsgeymi, sem gerður er á efstu hæð kauptúnsins, Brennuholti, og er bygging vatnsgeymisins þegar nokkuð á veg komin.

Finnbogi K. Þorvaldsson hafði gert ráð fyrir, að lagðar yrðu í veituna 4 þuml. gildar stálpípur. En þær pípur höfðu Bretar hinsvegar ekki og varð því að leggja 3 þuml. steypujárnspípur. En vegna þess að svo grönn æð flytur að sjálfsögðu minna vatn en 4 þuml. pípa, var ákveðið að gera vatnsgeymirinn strax til renslisjöfnunar. En í áætlun sinni um verkið hafði verkfræðingurinn ekki talið þörf að gera hann fyr en síðar, er kauptúnið hafði stækkað. Vatnsgeymirinn er úr járnbentri steinsteypu og tekur 250 tonn af vatni.

Finnbogi R. Þorvaldsson verkfræðingur hefir yfirumsjón með verkinu, en verkstjórar í Borgarnesi standa fyrir ýmsum greinum verksins. Sigurður Björnsson brúarsmiður sá um byggingu stíflunnar við inntakið. Ari Guðmundsson vegaverkstjóri sjer um skurðgröft og grjótvinnu. Sighvatur Einarsson pípulagningarmeistari í Reykjavík annast pípulagningar. Og yfirmiður við vatnsgeymirinn er Þórarinn Ólafsson húsasmiðameistari í Borgarnesi.

Tíminn 20.júní 1941

Fyrir skömmu var vatni hleypt í pípur hinnar nýju vatnsveitu Borgnesinga. Er vatn til hennar tekið úr Seleyrará, allhátt uppi í Hafnarfjalli, sunnan Borgarfjarðar, gegnt Borgarnesi. Hefir mannvirki þessu áður verið lýst í Tímanum. Löng töf varð á verkinu, sökum þess hve seint gekk að fá pípur í leiðsluna yfir fjörðinn, og er stutt síðan þeirri lögn Var lokið. Ekki er búið að ganga fra vatnsæðakerfinu um þorpið til fullnustu ennþá, en um síðustu helgi [laugardagninn 14.júní] voru 35 hús í Borgarnesi komin í samband við það. Er það tæplega helmingur húsanna í þorpinu. í hinum húsunum er til bráðabirgða notað vatn úr gömlu brunnunum. Talsverður vatnsskortur var í Borgarnesi í vor, áður en nýja vatnsveitan fór að koma að notum.

Vísir 19.ágúst 1941:

Vatnsveitan í Borgarnesi: Mannvirki sem ekki á sér hliðstætt dæmi hér á landi.

Eins og Vísir hefir lítilsháttar skýrt frá áður hafa Borgnesingar hafizt handa, í samráði við, setuliðið, að leiða vatn úr Hafnarfjalli yfir þveran Borgarfjörð til Borgarness. Vatninu var hleypt í pípurar 11. júní s.l. og hefir nú mikill meiri hluti Borgnesinga náð vatni í hús sín, sumir með bráðabirgðaleiðslum, en efni í bæjarkerfið. er enn ókomið. Því hefir seinkað af ófyrirsjáanlegum ástæðum. Vísir hefir snúið sér til Friðriks Þorvaldssonar framkvæmdarstjóra í Borgarnesi og fengið hjá honum ítarlega lýsingu á þessu einstæða mannvirki, sem ekki á sér hliðstætt dæmi hér á landi.

Vatnsleiðslan er með þeim hætti ger að ca. 143 m. yfir sjávarmál er gerð steinsteypt inntaksþró í gili uppi í hlíðum Hafnarfjalls. Vatnsvæði er þar allgott, enda virðist vatnsmagnið óþrjótandi. Frá inntakinu liggur svo ca. 1900 m. leiðsla ofan að firði. Vegalengdin yfir hann er um 2000 m. í samband við vatnsleiðsluna er byggður 250 smálesta vatnsgeymir, sem er ætlaður til rennslisjöfnunar og sem varaforði, ef bilun verður á leiðslunni. Geymir þessi er reistur á svonefndu Brennuholti inn í þorpinu, og er aðfærzluæðin að honum notuð jafnframt sem meginlögn fyrir nærliggjandi hús. Kostnaður hreppsins af mannvirki þessu er orðinn um 95 þús. kr. Verkfræðilegur ráðunautur hefir verið Finnbogji R. Þorvaldsson, en Sigurður Thoroddsson, verkfr. framkv. vatnsmælingar og Sighvatur Einarsson pípulagningamaður hafði aðalverkstjórn á hendi.

Tildrögin til vatnsleiðslunar voru þau, að fyrir alllöngu var á dagskrá meðal almennings hér vatnspörf bæjarins. Brunnar, sem voru meira og minna vanhirtir og á slæmum stöðum margir hverjir með tilliti til yfirborðsárennslis, voru einu vatnsbólín. Var því auðsætt, að ráða þyrfti bót á þessu, og hafði Guðm. heit. landlæknir m.a. látið uppi álit sitt um það, hve hættan ykist, eftir því sem lengur liði og fleira fólk safnaðist í bæinn og jarðvegurinn mengaðist af völdum þess o.s.frv.

Árið 1937 lét hreppsnefnd bæjarins gera kostnaðaráætlun um vatnsleiðslu. Var hún ca. 110 þús. krónur og miðaðist við það að gil í Hafnarfjalli yrði notað sem vatnsgjafi, um 140 m. upp í hlíðinni. Ýmsir aðrir staðir voru athugaðir t.d. Langá á Mýrum og vötn og djújavætur uppi í Borgarhreppi. Reyndust þær leiðir bæði dýrari og verri að því leyti, að hæðamunurinn var svo lítill. Hinsvegar var allmikill kviði í mönnum um leiðsluna, úr Hafnarfj. Fullur helmingur hennar varð að liggja yfir þveran Borgarfjörð, en þar er mikill straumur og álar, sem breytast frá ári til árs eftir því sem leirnum skolar, bæði af vatnavöxtum í Hvítá, ísreki o.fl. Mátti því eiga von á því, ef straumur rífi leirinn ofan af pípunum svo þær yrðu fyrir jakaflugi, að þær brustu.

Þótt kostnaðaráætlun væri lokið, varð ekki úr framkvæmdum Um sinn. Hvorttveggja var, að hin alþekktu gjaldeyrisvandræði þeirra tíma stóðu í vegi og þorpið átti ekki yfir að ráða fjárhagsaðstöðu,

sem gerði því kleift að ráðast í svo dýrar framkvæmdir. Varð því að hefja undirbúning á því sviði, en samtímis honum fór verðlag á efni hækkandi, þótt fyrst kastaði tólfunum er stríðið braust út 1939.

Haustið 1940 kemst nú nýr skriður á málið. Brezkt herlið hefir sezt að í Borgarnesi, og mengunarhættan margfaldast samfara fyrirsjáanlegum vatnsskort. Er þá gert samkomulag við herstjórnina, að hún útvegi allt erlent efni til vatnsleiðslunnar, en hreppurinn kosti alla vinnu. Þessir samningar gengu allgreiðlega og vinnan hófst samtímis sunnan fjarðarins og í kaupúninu sjálfu. Ekki varð þó lokið við að koma pípum í fjörðinn fyr en í vor og var vatninu hleypt í þær 11. júní s.1. Almennur fögnuður er í þorpinu yfir því að vatnið er komið, en er þá eftir að vita, hvort leiðslan þolir í firðinum eða ekki.